

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 9. stjórnarfundar, haldinn þann 21. mars. 2024 á Teams kl. 12:00-12:30.

Mætt voru: Óskar Józefsson, Hermann Hermannsson og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð 8. fundar

Fundargerð 8. fundar samþykkt.

2. Ráðning framkvæmdarstjóra

Örn Viðar Skúlason hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri félagsins. Ákveðið að birta frétt um ráðninguna á vef félagsins á island.is síðdegis.

3. Fundur með Fjársýslu ríkisins

Rætt um fund sem fór fram 20. mars með Fjársýslu ríkisins. Unnið er að gerð samnings um kaup félagsins á greiðslu- og bókhaldsþjónustu af stofnuninni.

4. Staða vinnu við bakenda umsóknarkerfis og nauðsynleg skjöl

Unnið er að frágangi nauðsynlegra skjala auk þess sem forritunarvinna við bakenda (afgreiðsluenda) stafræna umsóknarkerfisins stendur yfir. Alls hafa borist 469 umsóknir og vinna stendur yfir við að flokka þær. Í framhaldinu er ætlunin að vinna áætlun um afgreiðslu umsókna.

5. Fundur með Búmönnum

Rætt um fyrirhugaðan fund með forsvarsmönnum Búmana. Áformað er að halda fundinn 26. mars.

6. Ferð til Grindavíkur

Rætt um fyrirkomulag ferðar til Grindavíkur sem áformað er 22. mars. Stjórn Fasteignafélagsins og framkvæmdastjóri munu slást í för með hópi fólks úr nokkrum ráðuneytum sem vinnur að greiningu á stöðu fyrirtækja í bænum.

7. Önnur mál:

Næsti stjórnarfundur verður 26. mars á Teams kl. 15:00

Fleiri ekki rætt og fundi slitið um kl. 12:40

Óskar Józefsson
Guðrún Þorleifsdóttir